

Fundargerð – 517. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf var haldinn þriðjudaginn 15. september 2020, kl. 16:30. Fundurinn var haldinn í fundarsal Kölku að Berghólabraut 7.

Mættir: Önnundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra – stutt yfirlit, ágúst og sept.
 2. Ráðstöfun húseignar Kölku á Ásbru (gamla stöðin).
 3. Áætlun 2021 – meginlínur og áherslur.
 4. Stefnumál 2021 – tillögur stjórnarformanns.
 5. Önnur mál.
-
1. **Skýrsla framkvæmdastjóra** - framkvæmdastjóri fór yfir sumarið og kynnti nokkur mál sem hafa verið ofarlega á döfinni frá síðasta stjórnarfundum.
 1. Öryggismál: Hjálmaskylda starfsmanna á móttökuplani og brennslustöð var sett á í lok ágúst. Sömuleiðis er starfsmönnum skylt að nota hlífðargleraugu.
 2. Skipulagt viðhald hófst þegar brennsla var stöðvuð síðastliðinn sunnudag. Nægt pláss er í gryfju til að taka á móti efni þar til stöðin verður gangsett aftur í næstu viku.
 3. Samið hefur verið við Tæknivit um samstarf við uppsetningu og innleiðingu nýs vigtarkerfis fyrir Kölku.
 4. Framkvæmdastjóra var falið að skoða möguleika á breytingum á gámaplani í Helguvík og hvað slíkar breytingar kynnu að kosta.
 2. **Ráðstöfun húseignar Kölku á Ásbru (gamla stöðin)**. Kölku hefur borist tilboð í gömlu brennslustöðina við Hafnaveg og er framkvæmdastjóra og Páli Orra stjórnarmanni falið að yfirfara tilboðið og ganga til samninga við bjóðanda.
 3. **Ááætlun 2021** – stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að ljúka við gerð áætlunar fyrir og verður hún lögð fyrir stjórn til yfirferðar á næsta fundi.
 4. **Stefnumál og markmið 2021** - stjórnarformaður fór yfir núgildandi umhverfisstefnu Kölku og lagði til markmið sem stefnumál taka mið af fyrir árið 2021. Umræða um markmiðin fóru fram í stjórninni og munu aftur vera tekin upp á næsta stjórnarfundum.
 5. **Önnur mál** – engin önnur mál.

Næsti fundur er áætlaður 6. október kl. 16.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.



Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SP", "GE", "AHK", "POP", and "IRM".


Öundur Jónasson


Ásrún Kristinsdóttir


Laufey Erlendsdóttir


Páll Orri Pálsson


Inga Rut Hlöðversdóttir


Steinþór Þórðarson